

ÞINGGERÐ Í 1. SAMBANDSPINGS
ÍPRÓTTASAMBANDS FATLAÐRA
HALDIÐ Á HÓTEL STYKKISHÓLMI
28.-30. MARS 2003.

Berglind Gunnarsdóttir, Auður Kjartansdóttir og Gunnhildur Gunnarsdóttir léku fyrir gesti.

1. Þingsetning

Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF;

“Virðulegu gestir, þingfulltrúar og félagar.

Þann 6. nóvember s.l. lést Jón Sigurðsson fyrrum formaður ÍFR. Jón tengdist íþróttastarfi fatlaðra frá stofnun ÍFR í gegnum Kiwanisklúbbinn Esju. Hann sat í byggingarnefnd ÍFR árin 1988 til 1991 var kosinn í stjórn ÍFR árið 1989 og var formaður ÍFR árin 1990 til 1993. Sat í húsnefnd ÍFR árin 1993 til 1999.

Þann 30. janúar s.l. lést einn af frumkvöðlum og aðalhvátamönnum íþróttfatlaðra á Íslandi, Vigfús Gunnarsson. Vigfús var stofnfélagi ÍFR og fyrsti gjaldkeri ÍFR. Var skoðunarmaður reikninga ÍFR allt til dauðadags.

Ég vil biðja þinggesti að rísa úr sætum og heiðra minningu þessara tveggja heiðursmanna. Takk fyrir.

Við lifum á tímum mikilla umbreytinga. Það er eins og nú sé komin stundin þegar allt á að gerast. Við finnum þetta í okkar litla þjóðfélagi, við finnum þetta í löndunum í kringum okkur.

Því miður hafa sumir séð sig knúna til að há styrjöld gegn sjálfstæðri þjóð til, að þeirra áliti, að tryggja lýðræði sem hver þjóð á rétt á. Hefur það stríð ásamt undirbúningi þess haldið heiminum í heljargreipum. Allar styrjaldir hafa víðtæk áhrif, áhrif sem skipta jafnt smáar sem stórar þjóðir miklu máli, bæði siðferðislega sem fjárhagslega. Styrjaldir eru ekki bara gegn þeim þjóðum sem þær eru háðar, heldur hefur hún áhrif á allt mannkynið, samskipti milli þjóða breytast, stríð veldur tortryggni, deilum og vinslitum svo fátt sé nefnt. En það versta er að út úr þeim hörmungum sem styrjaldir valda þá verða margir fyrir ástvinamissi og sumir verða fatlaðir og breytir hvorutveggja lífi þeirra sem þeir eiga eftir ólifað. Aðdragandinn að þessu stríði hefur legið lengi í loftinu og hefur meðal annars haft áhrif á efnahag flestra þjóða. Árásin á New York árið 2001 er samflétta þessara deilna.

Margt af því sem er að gerast hefur áhrif á starf fatlaðra, getu þeirra til að stunda íþróttir hvað varðar aðstöðu og efni.

En það eru bæði framfarir sem og afturför sem hefur áhrif á okkar starf.

Við sjáum að fatlaðir einstaklingar, jafnt afreksfólk sem nýbyrjendur hefja æfingar og keppni með almennum íþróttafélögum og möguleikar þeirra aukast á þann hátt.

Við sjáum byggð ný íþróttamannvirki sem gera fólki kleift að stunda íþróttir allan ársins hring, við fáum góða menntaða þjálfara og aukin tækifæri gefast til þátttöku. Allt er þetta til framdráttar okkar íþróttafólki.

Við sjáum líka þjóðir sem leggja niður samtök eins og okkar og vilja samruna fatlaðra við hin almennu félög þar sem hinn fatlaði einstaklingur hefur orðið undir og missir af möguleikum sínum til að stunda íþróttir.

Á Íslandi er vandinn öðruvísi, því þar sem verið er að leggja niður stofnanir þar sem fatlaðir búa, minnkar möguleikinn sem felst í margmenninu sem skapaðist á stofnunum og stærri sambýlum og var hvatning til að sækja æfingar. Því er svo komið að sum félög úr okkar röðum hafa lagst af og er það miður.

Afleiðing svika Spánverja á Olympíuleikunum í Sydney 2000 er enn að hafa áhrif á okkar starf. Nú hefur stjórn IPC gefið út þá yfirlýsingu að þroskaheftir fái ekki að taka þátt í næstu Olympíuleikum, og fyrr í vetur afturkölluðu þeir heimild til þátttöku þroskaheftra á heimsmeistaramótinu í sundi í Argentínu. Þetta er mjög slæmt mál sem setur í gang óeiningu meðal fatlaðra, óeiningu sem ekki er séð fyrir hvernig endar.

Síðasta þing sem við höldum var í nóvember 2000 og er því lengri tími liðinn en venjulega milli þinga, en við höfum í samráði við aðgerðir Íþrótt- og ólympíusambands Íslands fært þingtímann til vors þannig að bókhald og uppgjör sé í betra samhengi við þingið og á þann hátt skilmerkara.

Það hefur verið hefð að halda þingin til skiptis í Reykjavík, þaðan sem mestur fjöldi þingfulltrúa kemur og út á landsbyggðinni og höfum við reynt að velja þingstaði í mismunandi landshlutum. Þetta hefur verið gert til aukinnar fjölbreytni á þingstöðum sem og til kynningar á starfi okkar í viðkomandi byggð, en fjöldi þingfulltrúa hefur vissulega sett svip sinn á bæjarlíf viðkomandi staða meðan á stendur. Hinsvegar er fjöldi þingfulltrúa nú með minnsta móti og spurningin er hvers vegna? Hafa kjörnir þingfulltrúar ekki tíma eða er starfsemi félaganna ekki lengur það víðtæk að hægt sé að senda fulla tölu fulltrúa? Er þessi tími ársins ekki eins heppilegur og haustin? Eða er það bara ekki framkvæmanlegt að halda þingin svona úti á landsbyggðinni og nauðsynlegt að breyta fyrirkomulaginu? Getur verið að nýafstaðin Íslandsmót eigi hér hlut að máli? Getur verið að uppskipting Íslandsmóta í mörg mót þannig að sama fólkið þurfi að mæta á mótstað helgi eftir helgi sé orsaka valdur? Þetta eru allt spurningar sem við verðum að spyrja okkur og fá svör við, svo við getum reynt að spyrna við fótum og upphafið þingið okkar til fyrri virðingar. Það er jú þetta þing sem er æðsta vald okkar starfs og við tökum þar ákvarðanir sem ráða för í framtíðinni. Þetta er ykkar tækifæri til að ráða og hafa áhrif. Það er því nauðsynlegt að sem flestir mæti og móti starfið. Eins og þið sjáið í skýrslu stjórnar sem þið hafið fengið í hendur, þá er starfsemi Íþróttasambands fatlaðra fjölbreytt og mikil.

Það er hinsvegar alltaf spurning hvað sé nóg og hvort ekki mætti gera betur og/eða meira. ÍF hefur leitast við að viðhalda þeirri hefð að standa að baki uppbyggingu hefðbundinna íþróttagreina sem og beitt sér fyrir kynningu á nýjum greinum. Við í stjórninni höfum einnig leitast við að halda námskeið og kynningar eins og venja er og þið sjáið við lestur skýrslunnar. Árin 1998 og 1999 stóð þannig á verkefnum hjá ÍF að ekki náðust endar saman fjárhagslega og var höfuðstóll þessara 2ja ára neikvæður. Þarna var samspil kostnaðarsamra verkefna og minni tekjur. Sem betur fer átti ÍF nokkra peninga í sjóði og gat mætt þessum aðstæðum. Árið 2000 sem var Olympíuári voru leikarnir haldnir í Sydney, og var gert sérstakt átak við öflun peninga. Þá kom inn eins og svo oft áður aukinn styrkur frá Alþingi sem hefur ávallt sýnt okkur velvild á Olympíuári sem og betri söfnun víðsvegar. Síðan hefur það gerst að okkur hefur tekist að fjölga samstarfssamningum við fyrirtæki og munar þar mest um Rúmfatalagerinn eða 12 milljónir til 4ra ára þ.e. 3 milljónir á ári.

Þetta, ásamt auknu aðhaldi en án niðurskurðar, hefur orðið til þess að ÍF hefur tekist að snúa dæminu við og á nú eins og kemur fram í reikningum tæpar 10 milljónir í inneign. Þessir fjármunir eru því kærkomnir til að mæta þeim verkefnum sem núverandi fjárhagsáætlun stendur fyrir.

Það spyr sig samt trúlega einhver hvort það sé rétt að ÍF skuli eiga svo mikla peninga í sjóði. Hvort ekki sé rétt að ÍF auki heldur umsvif sín, og auðvitað eiga slíkar spurningar rétt á sér. Þess vegna mun stjórnin leggja fram tillögu til fjárlaganefndar um aukningu á

verkefnum. Hinsvegar eru þetta umhræringatímar á atvinnumörkuðum og vitum við ekki hvernig fjáröflun mun ganga á næstu árum. Á næsta ári sem er Olympíuár renna flestir samningar okkar út og á þessari stundu er ekki vitað um möguleika á endurnýjun þeirra eða öflun nýrra í þeirra stað. Það er því ekki of varlega farið í þessum efnun.

Eins og áður, tel ég ekki þörf á að ég lesi upp skýrsluna í heild sinni heldur mun stikla á stóru um starfsemina þannig að hægt sé að gera sér skýrari mynd af hve starfið er mikið og margvíslegt sem unnið er á skrifstofu Íþróttasambands fatlaðra og í félögunum, jafnt innanlands sem erlendis.

Stjórn Íþróttasambands fatlaðra er þannig skipuð:

Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður
Camilla Th. Hallgrímsson, varaformaður
Kristján Svanbergsson, gjaldkeri
Þórður Árni Hjaltsted, ritari
Ólafur Þór Jónsson, meðstjórnandi

Varastjórn: Erlingur Þ. Jóhannsson,
Margrét Hallgrímsdóttir
Svava Árnadóttir.

Starfsmenn sambandsins eru:

Ólafur S. Magnússon, framkvæmdastjórn afreks- og fjármálasviðs
Anna Karólína Vilhjálmadóttir, framkvæmdastjórn íþrótt- og útbreiðslusviðs
og Anna Guðrún Sigurðardóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs.

Fastanefndir eru 14 og í þeim starfa 60 manns.

Stjórnin ásamt varastjórn hefur haldið þeirri viðteknu venju að halda fundi á þriðjudögum, en með breyttu fyrirkomulagi hefur fundum fækkað og eru ekki lengur annan hvern þriðjudag heldur voru þeir þegar því var viðkomið, fyrsta þriðjudag í hverjum mánuði nema yfir hásumarið. Fundum fækkaði því nokkuð eða úr 36 niður í 30 á tímabilinu. Starfsmenn hafa eftir getu setið þá flesta og sem áður fundi flesta þriðjudagsmorgna með formanni, jafnt sumar sem vetur. Einnig hefur gjaldkeri haft fundi með fjármálastjóra marga miðvikudagsmorgna. Ég vil nota tækifærið hér og þakka stjórnarmönnum sem og starfsmönnum fyrir þeirra framlag til að gera starf ÍF sem mest.

Margrét Hallgrímsdóttir sem setið hefur í varastjórn til margra ára hefur ákveðið að gefa ekki lengur kost á sér til stjórnarsetu og vil ég þakka henni sérstaklega fyrir hennar góðu störf. Hún hefur skilað góðu starfi og verður söknuður af henni. Hún hefur að vísu lofað að heimsækja skrifstofuna oft og veita okkur áframhaldandi liðsinni.

Aðrir fundir innanlands svo og ráðstefnur voru margvíslegar.

Heimsóknir til aðildarféлага, formannafundir, norrænir fundir, heimsóknir til Kiwanis- og Lionsféлага, fundir og ráðstefnur á vegum Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands o.fl. Samtals voru skráðir 58 slíkir fundir.

Í þessari tölu eru einnig fundir fastanefnda, sem voru fjölmargir.

Erlend samskipti voru einnig margvísleg enda Íþróttasamband Fatlaðra aðili að mörgum erlendum samtökum, bæði alþjóðlegum samtökum eins og IPC og Special Olympics og einnig samtökum fyrir mismunandi fötlunarhópa. Ýmist voru þetta stjórnarfundir og/eða tækninefndafundir og í einstaka tilfellum námskeið og kynningar á íþróttagreinum, alls 19 fundir.

Námskeið og útbreiðslustarf var einnig fjölbreytt. Haldin voru nokkur A-stigs námskeið, æfingabúðir þar sem voru bæði innlendir og erlendir leiðbeinendur og hinar sívinsælu sumarbúðir voru á sínum stað á Laugarvatni. Voru þessi námskeið 8 talsins.

Starfsmenn ásamt ýmsu aðstoðarfólki stóðu fyrir margvíslegum kynningum á vegum Íþróttasambands fatlaðra. Voru þessar kynningar bæði fyrir skólafólk á ýmsum stöðum á landinu og eins voru kynntar ýmsar íþróttagreinar, má þar nefna vetraríþróttir, hestamennsku, golf og margt fleira.

Ritið okkar Hvati, kemur út tvisvar sinnum á ári þrátt fyrir að útgáfa blaðsins hafi verið í járnnum. Ritstjóri Hvata er Ólafur Jensson fyrrverandi formaður sambandsins. Var síðasta tölublað heldur rýrara en vanalegt er en það stafaði af því hversu fáar auglýsingar fengust, en þær hafa verið forsenda þess að halda blaðinu úti. Nú er söfnum komin vel á stað með næsta tölublað og lofar hún góðu og eru horfur á að auglýsingatekjur fari í fyrra horf og er það vel. Sala jólakorta ÍF er ein af aðalfjáröflunum aðildarfélaganna og er þeim góður fjárhagsstyrkur. Jólakort árið 2000 var hannað af Camillu Th. Hallgrímsson varaformanni ÍF.

Jólakort árið 2001 var hannað af Kristínu R. Hákonardóttir, sundkonu.

Jólakort ÍF árið 2002 var hannað af Camillu Th. Hallgrímsson.

GSFÍ – hefur unnið að kynningu á golfíþróttinni fyrir fatlaða. Vonast er til þess að aðildarfélag ÍF sýni þessu máli áhuga og vinni að eflingu greinarinnar í heimabyggð í samvinnu við golfklúbba á hverjum stað. Vel hefur tekist til með golfkennslu fatlaðra og þátttaka góð. Í gær fenguð þið svo kynningu á golfinu hjá Guðmundi Blöndal sem var svo vinsamlegur að heimsækja okkur.

Samstarfsverkefni ÍF og HMÍ – Hestamiðstöðvar Íslands - sem hófst árið 2001, á sviði reiðmennsku og reiðþjálfunar fyrir fatlaða, hefur vakið fleiri til umhugsunar um þá möguleika sem íslenski hesturinn býður upp á varðandi þjálfun fatlaðra. Íslenskur reiðkennari Sigrún Sigurðardóttir, hefur í vetur, stundað sérnám í reiðmennsku og reiðþjálfun fatlaðra í Englandi. Fyrirhugað er að halda ráðstefnu í vor, í framhaldi af ráðstefnu sem haldin var 2001 um reiðmennsku og reiðþjálfun fatlaðra. Verður Sigrún einn af leiðbeinendum og fyrirlesurum ráðstefnunnar.

Íþróttasamband fatlaðra stóð fyrir 22 mótum innanlands þar sem hæst stóðu Íslandsmót og Norðurlandamót. Einnig sendi sambandið þátttakendur á 17 erlend mót. Þar tókum við þátt í heimsmeistaramótum í hefðbundnum greinum en þar til viðbótar tóku þátt keppendur í borðtennis og boccia.

Til undirbúnings þessara móta voru svo ýmsar æfingabúðir.

Margt annað hefur verið framkvæmt á tímabilinu, bæði reglubundin vinna og svo ýmislegt sem einkenndi þetta tímabil.

Margar viðurkenningar voru veittar á tímabilinu og þá sérstaklega í kringum afmæli og merka viðburði. Vil ég óska öllum þeim sem viðurkenningar hlutu enn og aftur til hamingu.

Ég hef aðeins stiklað á stóru hérna og er starfsemin tíunduð miklu betur í skýrslunni, en ef þinggestir vilja leggja fram spurningar eða fá nánari skýringar munum við svara þeim eftir fremstu getu.

Góðir gestir, ég óska ykkur farsæls og árangursríks þings og lýsi 11. sambandsþing Íþróttasambands Fatlaðra sett.

2. Ávörp gesta

Dagný Þórisdóttir, fulltrúi bæjarstjórnar Stykkishólms.

Hafsteinn Pálsson, fulltrúi Íþróttasambands Íslands.

3. Kosning þingforseta og þingritara

Tillaga var um Hafstein Pálsson og var hann einróma kjörinn þingforseti.

Tillaga var um Önnu Guðrúnu Sigurðardóttur og Kristínu Guðmundsdóttur og voru þær einróma kjörnar þingritarar.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Valgerður Hróðmarsdóttir, Firði

Svanur Ingvarsson, Suðra

Þórður Jónsson, Kveldúlfi

Breytingatillaga kom fram um að Karl Þorsteinsson, Ösp kæmi í nefndina í staðinn fyrir Svan Ingvarsson,

Tillagan var samþykkt með breytingum.

5. Kosning nefnda

Eftirtaldir voru einróma kjörnir í fastanefndir þingsins:

A) FJÁRHAGSNEFND

Guðmundur Ingibersson, Nes

Harpa Björnsdóttir, Ívar

Guðmundur Gíslason, ÍFR

B) KJÖRNEFND

Ísleifur Bergsveinsson, ÍFR

Gísli H. Jóhannsson, Nes

Ólafur Ólafsson, Ösp

C) LAGA OG REGLUGERÐANEFND

Þórður Á. Hjaltested, Gáski

Guðrún Árnadóttir, Snerpa

Þröstur Guðjónsson, Akur

D) ALLSHERJARNEFND

Leifur Karlsson, ÍFR

Ásta K. Helgadóttir, Suðri

Haukur Þorsteinsson, Eik

Karl Þorsteinsson fulltrúi Kjörbréfanefndar tók til máls og skýrði niðurstöður nefndarinnar varðandi kjörbréf frá aðildarfélagunum.

ÍBR (ÍFR og Ösp) á rétt á 13 fulltrúum og 13 mættir

Gáski á rétt á 5 fulltrúum en þrír mættir

ÍRB (Nes), á rétt á 8 fulltrúum en 4 mættir
ÍBH (Fjörður) á rétt á 6 fulltrúum en 2 mættir
ÍA, (Þjótur) á rétt á 4 fulltrúum en 1 mættur
Kveldúlfur á rétt á 3 fulltrúum en 1 mættur
HSH (Stykkishólmur) á rétt á 3 fulltrúum og 3 mættir
ÍBS (Snerpa) á rétt á 4 fulltrúum en 3 mættir
Gróska á rétt á 4 fulltrúum en 3 mættir
ÍBA (Eik og Akur) á rétt á 9 fulltrúum og 9 mættir
HSK(Suðri og Gnýr) á rétt á 5 fulltrúum og 5 mættir
ÍBV(Ægir) sendi ekki fulltrúa
ÚÍA(Viljinn og Örvar) sendur ekki fulltrúa
Bocciadeild Völsungs sendi ekki fulltrúa

Þingfulltrúar ofangreindra félaga voru samþykktir

6. Lögð fram skýrsla stjórnar (fylgiskjal 1.0.)

Lögð fram skýrsla stjórnar.

Opnaðar voru umræður um skýrslu stjórnar.

Sveinn Áki bað fulltrúa að spyrja um þau atriði sem þeim finnst vanta upplýsingar um. Þingforseti óskaði eftir því að umræður um skýrslu yrðu teknar með umræðum um reikninga.

7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar (fylgiskjal 2.0.)

Ólafur Magnússon fylgdi reikningum úr hlaði.

Reikningar 2000, 2001 og 2002, sjá fylgiskjal.

Þingforseti opnaði fyrir umræður um skýrslu og reikninga.

Engir kváðu sér hljóðs.

Reikningar 2000 voru samþykktir samhljóða,

Reikningar 2001 voru samþykktir samhljóða

Reikningar 2002 voru samþykktir samhljóða

8. Lögð fram fjárhagsáætlun (fylgiskjal 3.0.)

Ólafur Magnússon gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 2003 og 2004.

Vísað til Fjárhagsnefndar.

Umræður opnaðar vegna fjárhagsáætlunar.

Þórður Ólafsson, ÍFR lagði til við Fjárhagsnefnd að hún leggi til að þátttökugjöld á Íslandsmótum verði lögð niður.

Sveinn Áki sagði ástæðu þess að þátttökugjöld hefðu verið tekin upp væri sú að þátttakendur hefðu á stundum ekki mætt til leiks þótt þeir hefðu verið skráðir og hefði það skapað nokkur vandamál, sagði að fólk bæri yfirleitt meiri virðingu fyrir hlutunum þegar það þyrfti að greiða fyrir, s.s. eins og þátttöku á mótum.

Arnór Pétursson kom með þá tillögu að þáttökugjöld yrðu til staðar til að hafa aðhald en eftir mót væru þau felld niður hjá þeim keppendum sem skráðir voru til leiks og mættu á mótin.

Ólafur Magnússon benti á að þegar aðildarfelög hafa séð um framkvæmd Íslandsmóta ÍF hafa þau fengið hluta af þáttökugjöldunum.

9. Lagðar fram laga- og reglugerðabreytingar sem fram hafa komið.

a) Tillaga stjórnar ÍF vegna dómsstóla(Fylgiskjal 4.0)

Þórður Árni gerði grein fyrir tillögunni.

Vísað til Laga og reglugerðarnefndar

-

b) Tillaga stjórnar ÍF vegna Ólympíuráðs(Fylgiskjal 5.0)

Þórður Árni gerði grein fyrir tillögunni.

Arnór Pétursson tók til máls og lagði til að á milli þinga verði farið ofan í þetta mál og niðurstöður og tillögur þar um verði kynntar í tíma fyrir næsta þing.

Vísað til Laga og reglugerðanefndar.

c) Tillaga ÍFR vegna skráningu Íslandsmeta(Fylgiskjal 6.0)

Þórður Ólafsson, ÍFR gerði grein fyrir tillögunni.

Vísað til Laga og reglugerðanefndar.

10. Önnur mál og aðrar tillögur sem borist hafa til stjórnar ÍF.

Leikreglur í borðtennis lagðar fram til kynningar, fylgiskjal 7.0

Leikreglur í lyftingum lagðar fram til kynningar.

Leikreglur í boccia lagðar fram til kynningar.

11. Nefndir starfa

Þingforseti bað nefndir um að taka til starfa.

Matarhlé var gert frá kl. 12:00-13:30.

12. Önnur mál

Sveinn Áki kom í ræðustól og óskaði eftir umræðum um fyrirkomulag Íslandsmóta.

Ólafur Ólafsson taldi að það þyrfti að gera breytingar á fyrirkomulaginu.

Ísleifur Bergsveinsson var sammála Ólafi vegna Íslandsmótanna.

Arnór tók til máls og kom víða við og byrjaði á að senda þingheimi kveðjur frá framkvæmdastjórn Sjálfsbjargar.

Arnór var einnig sammála því að breyta þyrfti fyrirkomulagi Íslandsmótanna.

Í þriðja lagi minntist hann á gamla tillögu vegna bikarkeppni í boccia.

Í fjórða lagi taldi Arnór að frá þinginu ætti að fara ályktun til fjölmiðla þar sem stríði í Írak er mótmælt.

Guðrún Árnadóttir vildi fá frekari útskýringar hvernig Læknakortin eiga að virka, s.s. hvort leyfi sé fyrir því að láta upplýsingar um einstaklingana á þessi kort. Guðrún tók einnig undir með þeim sem töldu breytingar á Íslandsmótum nauðsynlegar.

Þórður Árni tók til máls og sagði að upphaflega hefði Íslandsmótunum verið breytt til að auka fjölbreytni svo keppendur gætu valið á milli íþróttagreina og ekki stóð til að leggja af vegleg lokahóf.

Þórður Árni útskýrði læknakortin, öll kortin eru trúnaðargögn og eru eingöngu um þá keppnisflokka sem viðkomandi tekur þátt í. Eingöngu starfsfólk og Læknaráð ÍF hafa þessi gögn til umráða.

Ólafur Magnússon tók til máls og sagðist ekki sammála hugmynd Arnórs um að ÍF eigi að senda frá sér ályktun vegna stríðsins í Írak því hver og einn einstaklingur tæki persónulega ákvörðun vegna þessa máls.

Ólafur Magnússon bar kveðju frá Forseta Íslands, heilbrigðis-, félags- og menntamálaráðherrum. Einnig var komið til skila kveðjum frá formanni ÖBÍ, Ólafi Jenssyni og Sigurði Magnússyni, fyrrverandi formönnum ÍF.

Anna K. Vilhjálmisdóttir útskýrði Læknakortin ennfrekar. Íslandsmótin eftir 2003 verða líklega eins og þau voru áður, samþykkt var að Íslandsmótin í sveitakeppni 2002 og 2003 yrðu haldin samhliða Hængsmótinu á Akureyri.

Gísli H. Jóhannsson, Nes, tók til máls og sagði að boccia væri vinsælasta greinin og taldi fyrirkomulagið núna vera gott þar sem hægt væri að velja á milli greina en lokahófin ættu að verða öðruvísi.

Gísli minntist á starfsmannamál á frjálsíþróttamótum ÍF, taldi að ekki ætti að þurfa að fá þjálfara félaganna til að vera starfsmenn mótanna.

Sveinn Áki tók til máls og sagðist ánægður með viðbrögð þingfulltrúanna vegna Íslandsmótanna. Hvatti hann félögin til að ræða um þessi mál meðal sinna félaga og síðan yrði þetta rætt enn frekar á næsta Formannafundi.

Ólafur Magnússon kynnti nýja reglugerð um verkefnasjóð ÍF sem var samþykkt á síðasta Formannafundi að útbúa. Aðildarfélag geta sótt um styrk í þennan sjóð en tekjur sjóðsins eru árleg fjárveiting samkvæmt ákvörðun stjórnar ÍF, ósóttar lottógreiðslur óvirkra aðildarfélaga samkv. 50 % úthlutunarreglunni, frjáls framlög og söfnunarfé og vaxtatekjur.

Sveinn Áki las upp greinargerð vegna þessa sjóðs.

Margrét Hallgrímsdóttir, Ösp, sagðist eiga dóttur sem hefur tekið þátt í Íslandsmótum ÍF í sundi en sagði að hún hefði bara einu sinni farið á lokahóf tengt mótinu.

Halldór Guðbergsson, ÍFR þakkaði fyrir góða skýrslu, en spurðist fyrir hvers vegna ekki fleiri hreyfihamlaðir tækju þátt í Norræna barna- og unglíngamótinu en raun ber vitni ?

Halldór kom með þá hugmynd að fá aukagreinar, íþróttir fatlaðra, inn sem sýningargrein á mótum ófatlaðra, t.d. á frjálsíþróttamótum FRÍ og Sundsambandsmótum og að það yrðu 2-3 greinar sýndar í hvert skipti. Oft er sýnt töluvert frá þessum mótum í sjónvarpi og væri þetta góð kynning fyrir íþróttir fatlaðra.

13. Nefndaálit, tillögur og atkvæðagreiðsla.

Laga og reglugerðarnefnd

Talsmaður nefndarinnar, Þórður Árni Hjaltsted tók til máls og skilaði álit nefndarinnar.

Fylgiskjal 4.0, nefndin lagði til að engar breytingar yrðu gerðar við þessa tillögu.

TILLAGAN VAR SAMÞYKKT samhljóða.

Nefndin kom með eftirfarandi breytingartillögu við tillögu ÍF (fylgiskjal 5.0) um niðurfellingu Ólympíuráðs;

“11. Sambandsþing ÍF samþykkir tillögu þess efnis að Ólympíuráð í þeirri mynd sem við þekkjum það nú, verði lagt af. Þess í stað verði skipað nýtt Ólympíusvið. Það samanstendur af skipuðum fulltrúum afrekssviðs og fjármálasviðs ÍF ásamt 2 kjörnum fulltrúum af sambandsþingi ÍF. Ólympíusvið starfar sem starfsnefnd, verkefni þess er undirbúningur vegna þátttöku í Ólympíumótum. Formaður ÍF er formaður Ólympíusviðs. Þetta fyrirkomulag tekur gildi nú þegar.”

Arnór tók til máls, vildi gera það að tillögu sinni að þetta haldi áfram að heita Ólympíuráð.

Ísleifur er sammála Arnóri með heitið.

Tillaga Arnórs um að Ólympíusvið verði Ólympíuráð var samþykkt með meirihluta atkvæða.

Tillagan í heild var SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA (fylgiskjal 5.1).

Nefndin kom með eftirfarandi breytingartillögu við tillögu ÍF (fylgiskjal 6.0) um skráningu Íslandsmeta;

“Ályktun Sambandsþings ÍF 2003”, til stjórnar ÍF

Lagt er til að Íslandsmet ÍF séu birt á heimasíðu ÍF og þau uppfærð reglulega, skv. 5. gr. reglugerðar fyrir Íslandsmót ÍF”.

Arnór kom fram með þá tillögu að það kæmi inn setning inn í reglugerðina um að Afrekssvið ÍF bæri ábyrgð á skráningum Íslandsmeta, Þórður Árni taldi að nefndin bæri í rauninni ábyrgð á þessu,

Arnór sagði að Afrekssviðið væri nær nefndunum en stjórnin sjálf og teldi hann það betra ef Afrekssviðið væri gert ábyrgt vegna þessara mála.

Sveinn Áki benti á að ekki væru allar nefndir undir Afrekssviði en að stjórnin bæti traust til þeirra og hvatti nefndirnar til að sinna þessu.

Anna Karólína sagði að hver nefnd myndi tilkynna tengiliði vegna ýmissa atriða þannig að nefndirnar eru með tengilið til allra sviða.

Tillaga Arnórs var felld.

Tillaga nefndarinnar var SAMÞYKKT ÁN BREYTINGA (Fylgiskjal 6.1).

Þórður Árni tók til máls um reglugerð um Íslandsmót, sagði að það þyrfti að strika út eftirfarandi setningu; “Aðlögunartími á gildistöku; Aðildarfélag ÍF skulu hafa öðlast gild keppniskort fyrir alla keppendur sína fyrir 31.12.2002”.

Tillaga nefndarinnar var SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA

Allsherjarnefnd

Leifur Karlsson, talsmaður nefndarinnar tók til máls. Engum málefnum var vísað til nefndarinnar en nefndin fjallaði um hvernig staðið er að kjöri þingfulltrúa en komst ekki að niðurstöðu, einnig vildi nefndin koma á framfæri eftirfarandi tillögu;

“Sambandsþing leggur til við stjórn ÍF að hafa samráð við stjórn ÍSÍ um að bogfiminefnd ÍSÍ verði endurvakin.”

Rök fyrir þessu eru að mikill fjöldi ófatlaðra æfir í dag þessa íþrótt þannig að þörf á endurskoðun á reglum um íþróttina er mjög brýnt.

Tillaga nefndarinnar var SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA.

Fjárhagsnefnd

Guðmundur Gíslason talsmaður nefndarinnar tók til máls og skilaði álitni nefndarinnar. Nefndin kom með eftirfarandi tillögu vegna mótsgjalda.

“Sambandsþing ÍF, haldið í Stykkishólmi 29. mars 2003 heimilar stjórn ÍF að setja í reglugerð um Íslandsmót ákvæði um að heimilt sé að innheimta þátttökugjöld í samvinnu við mótshaldara hverju sinni”.

Tillagan var SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA.

Nefndin leggur til að fjárhagsáætlun verði óbreytt.

Arnór, telur að líka sé heimilt að sleppa þátttökugjöldunum ef vilji er fyrir því og þá telur hann að viðauki verði að vera um að stjórn ÍF sé heimilt að fjárhagsáætlunin breytist þá með tilliti til þess. Þingforseti tók til máls og sagðist telja nóg að þetta kæmi fram í þingfundargerð.

Tillaga nefndarinnar um að fjárhagsáætlun verði lögð fram óbreytt var **SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA.**

Fjárhagsáætlanir ÍF 2003 og 2004 voru SAMÞYKKTAR SAMHLJÓÐA.

14. Ákveðið gjald ævifélaga

Engir ævifélagar.

**Þingforseti bar upp tillögu um að ekki verði innheimt gjald frá ævifélögum.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA.**

15. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda, fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ

Kjörnefnd

Ólafur Ólafsson, Ösp

Gísli H. Jóhannsson, Nes

Ísleifur Bergsteinsson, ÍFR

Eftirfarandi eru tillögur nefndarinnar:

Stjórn ÍF;

Formaður, Sveinn Áki Lúðvíksson

Varaformaður; Camilla Th. Hallgrímsson

Þrír meðstjórnendur; Kristján Svanbergsson - Ólafur Þ. Jónsson - Þórður Árni Hjaltsted.

Varastjórn, Erlingur Þ. Jóhannsson – Svava Árnadóttir – Jóhann Arnarson.

Tillaga um stjórn ÍF var **SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA.**

Skoðunarmenn reikninga; Þórður Þorkelsson og Guðlaugur Guðmundsson.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA

Fulltrúar ÍF á ÍSÍ þingi; Formaður og varaformaður ÍF.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA

16. Kosnir fulltrúar í Ólympíuráð

Tillaga úr sal var um Arnór Pétursson og Ólafur Eiríksson.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA.

-

17. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar
SAMÞYKKT Tað vísa þinggerð til stjórnar ÍF.

18. Þingslit

Nýendurkjörinn formaður ÍF, Sveinn Áki Lúðvíksson, þakkaði fyrrverandi stjórn góð störf og þakkaði traustið sem þingheimur sýndi honum.

ÓM óskaði SÁL til hamingju með endurkjörið sem formaður ÍF.

ÓM tilkynnti um kvöldverð í boði bæjarstjórnar Stykkishólms um kvöldið.

Þingforseti þakkaði samstarfið á þinginu og því næst sagði hann Sambandsþingi ÍF 2003 slitið.

Þingforseti

Hafsteinn Pálsson

Þingritari

Þingritari

Anna G. Sigurðardóttir

Kristín Guðmundsdóttir